

Reglugerð meistaramóts 2023

1. grein

GO gengst árlega fyrir meistaramóti í flokkum karla og kvenna, öldungaflokki karla og kvenna og unglinga/barna flokkum.

2. grein

Stjórn GO skal hafa yfirumsjón með framkvæmd mótsins og ákveður þátttökugjöld.

Formaður mótanefndar skal skipa mótsstjórn og a.m.k. skipa einn landsdómara og einn héraðsdómara við mótið.

3. grein

Mótsstjórn ákveður staðarreglur, af hvaða teigum skuli leikið og jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar, holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fella niður og eða fresta umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisiskilmálar skulu vera auglýstar á heimasíðu og vera sýnilegar í golfskála.

4. grein

Leika skal eftir reglum Royal and Ancient Golf Club og St. Andrew´s og eftir almennum staðarreglum um hegðun á Urriðavelli, sjá hér <https://www.oddur.is/wp-content/uploads/2022/06/almennar-stadarreglur-um-hegdun.pdf>

Ef tveir eða fleiri leikmenn í verðlaunasætum í högggleik verða jafnir í sínum flokki skal leika bráðabana.

Þar sem leikin er punktakeppni skal telja fyrst seinni níu holur, því næst sex holur, þá þrjár holur, loks eina holu, fyrst 18 því næst 17 og áfram þangað til úrslit fást með fleiri punktum á holu. Ef það dugir ekki skal hlutkesti ráða.

Hlutkesti telst vera, að kasta pening eða draga úr spilum. Veita skal verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti í hverjum flokki.

Mótsstjórn er heimilt að veita fleiri verðlaun í barnaflokkum.

5. grein

Mótsstjórn raðar keppendum í rástíma á fyrsta degi mótsins í hverjum flokki, hámark þrír saman í holli **og er raðað eftir hendingu (random)**.

Rásröð leikmanna ákvarðast síðan þannig að lægsta skor eða flestir punktar hljóta síðasta rástíma í hverjum flokki og síðan koll af kolli.

Mótsstjórn veitir engar undanþágur um rástíma eða rásröð.

6. grein

Keppt skal í eftirtöldum flokkum og leikið af eftirtöldum teigum án forgjafar í högggleik og með forgjöf í punktakeppni.

- M.fl. kvenna 1. flokkur kvenna 2. flokkur kvenna 3. flokkur kvenna 4. flokkur kvenna	- grunnforgjöf - 0 - 10,0 - grunnforgjöf - 10,1 - 18,0 - grunnforgjöf - 18,1 - 25,0 - grunnforgjöf - 25,1 - 35,0 - grunnforgjöf - 35,1 - 54,0	72 holu högggleikur 72 holu högggleikur 72 holu högggleikur 54 holu punktakeppni 54 holu punktakeppni	- Teigar 49 - Teigar 46 - Teigar 46 - Teigar 46 - Teigar 46
- Konur 50+ - Konur 50 – 64 ára - Konur 65+	- grunnforgjöf - 0 - 25,0 - grunnforgjöf - 0 - 54,0 - grunnforgjöf - 0 - 54,0	54 holu högggleikur 54 holu punktakeppni 54 holu punktakeppni	- Teigar 46 - Teigar 46 - Teigar 46
- M.fl. karla 1. flokkur karla 2. flokkur karla 3. flokkur karla 4. flokkur karla 5. flokkur karla	- grunnforgjöf - +8 - 5,0 - grunnforgjöf - 5,1 - 10,0 - grunnforgjöf - 10,1 - 15,0 - grunnforgjöf - 15,1 - 20,0 - grunnforgjöf - 20,1 - 25,0 - grunnforgjöf - 25,1 – 54,0	72 holu högggleikur 72 holu högggleikur 72 holu högggleikur 72 holu högggleikur 72 holu högggleikur 54 holu punktakeppni	- Teigar 58 - Teigar 54 - Teigar 54 - Teigar 54 - Teigar 49 - Teigar 46
- Karlar 50+ - Karlar 50 – 64 ára - Karlar 65+	- grunnforgjöf - 0 - 25,0 - grunnforgjöf - 0 - 54,0 - grunnforgjöf - 0 - 54,0	54 holu högggleikur 54 holu punktakeppni 54 holu punktakeppni	- Teigar 54 - Teigar 54 - Teigar 46
- Unglingar 15-18 ára - Unglingar 12-14 ára	- grunnforgjöf - 0 - 54,0 - grunnforgjöf - 0 - 54,0	54 holu högggleik m/forg 27 holu punktakeppni	- Teigar 54/49/46 - Teigar 46
Börn 11 ára og yngri	grunnforgjöf - 0 - 54,0	18 holur punktakeppni	Ljúflingur

- Klúbbmeistarar eru sigurvegarar í meistaraflokki karla og kvenna. Aðrir eru meistarar síns flokks.
- Komi til þess að meistaraflokkur falli niður er klúbbmeistari sigurvegari efsta flokks (lægsta forgjöf) karla og kvenna.
- Mótsstjórn er heimilt að endurskoða leikteiga og annað í samræmi við breytingar á flokkum.
- Mótsstjórn er heimilt að leyfa keppendum í 1. flokki karla og kvenna að færa sig upp í meistaraflokk þó forgjöf leikmanns sé ekki í samræmi við grunnforgjöf skv. flokkaskiptingu.
- Keppendur í meistaraflokki (efsta flokki/lægsta forgjöf) karla og kvenna er ekki heimilt að leika á golfbílum. Undanþágu má veita ef læknisvottorði er framvísað.
- Flokkar barna og unglinga falla ekki niður þó keppendur séu færri en 4. Í barna og unglingaflokkum, er keppt í stúlkna og drengja flokkum, Ath. í öllum flokkum unglinga og barna getur keppandi tekið upp bolta sinn þegar komin eru 9 högg á holu og skráð 10 á holuna.

7. grein

Sé þátttaka í einstaka flokkum ekki nægilega mikil þá hefur mótsstjórn heimild til þess að sameina flokka, fella niður eða breyta forgjafarmörkum milli flokka. Viðmiðið er að ef þátttakendur eru færri en 4 í einstökum flokkum þá falla þeir flokkar niður að undanskildum flokkum barna.